

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. desember 2002 2002110339

Alþingi
Erindi nr. P 128/518
komudagur 4.12.2002

Frumvarp um tekjuskatt og eignarskatt, viðbótarumsögn

Óskað var umsagnar um breytingartillögur við framangreint frumvarp, sem sendar voru embættinu 4. desember auk þess sem óskað var eftir að embættið legði mat á væntanleg tekjuáhrif af þeim.

Þær breytingar sem tillögurnar fela í sér eru fyrst og fremst að taka upp stíglækkandi fyrningar í stað línulegra á fyrnanlegum rekstrareignum öðrum en fasteignum og keyptum réttindum.

Ríkisskattstjóri telur breytingu yfir í stíglækkandi fyrningar vera til bóta og að slík afskriftaaðferð falli betur að þeim tilgangi fyrningarreglna að gjaldfæra á hverjum tíma raunverulega verðmætaryrmin fyrnanlegra eigna. Slíkt er þó háð því að fyrningarhlutföllin séu einnig valin með tilliti til þess.


Ríkisskattstjóri telur hins vegar að útfærslu breytinganna sé ábótavant og að ekki hafi verið tekið nægилgt tillit til framkvæmdaatriða og möguleika á að einfalda vinnu framteljenda og skattyfirvalda. Við undirbúning tillagnanna lögðu starfsmenn ríkisskattstjóra til að afnumin yrði sú regla að hafa val á milli afskriftahlutfalla og því yrði aðeins eitt afskriftahlutfall í hverjum flokki. Tilgangur með slíkri breytingu er að skapa grundvöll fyrir einfaldari framkvæmd. Í stað þess að nú þarf að halda til haga fyrningarverði hvers einstaks hlutar og afskrifa frá ári til árs hefði með föstu afskriftarhlutfalli mátt beita blokkafskrift, þ.e. safna saman í einn pott öllum eignum sem falla undir sömu afskriftaprósentu. Við hann bættist árlega þær eignir, sem keyptar eru á árinu og þær afskrifaðar í árslok í einu lagi. Fasteignir og sumar aðrar stærri eignir yrðu þó afskrifaðar eign fyrir eign. Reglur af þessum toga eru við líði á hinum Norðurlöndunum. Samhliða þessari breytingu kæmi til álita að fella niður kvöð um niðurlagningarverð a.m.k. fyrir þær eignir sem væru í blokkafskrift.

Breyting yfir í blokkafskrift yrði til einföldunar til lengri tíma litið en þarfnast frekara undirbúning og athugunar á sértílvikum sem upp kunna að koma. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að nýjar reglur taki gildi gildi við álagningu 2004 er mögulegt að fresta afgreiðslu þessarar tillögu nú og undirbúa róttækari breytingu fyrir haustþing 2003.

Ekki hefur verið unnt að leggja nákvæmt mat á hugsanleg áhrif breyttra afskriftareglna á skatttekjur. Skv. lauslegri athugun, sbr. meðfylgjandi yfirlit, má gera ráð fyrir að ársins 2001 hafi verið um 30 mrd. kr. Með þeirri breytingu sem í frumvarpinu eru hefðu þær geta orðið um 11 mrd. kr. hærri eða alls um 41 mrd. kr. Sú áætlun er óvissu háð einkum

m.t.t. þess hve mikill hluti bókfærða verðsins er vegna eigna sem afskrifaðar hafa verið niður í niðurlagsverð. Þá verða ekki dregnar einhlítar ályktanir af áhrifum á álagða skatta þar sem ekki var unnt á þeim tíma sem gafst að greina á milli félaga sem sýndu rekstrarhagnað og þeirra sem voru með rekstrartap.

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson



Fylgiskjal: Yfirlit yfir fyrningar á lausafé breyting a fyrningum.x

Heildarfjárhæðir úr skattframtali rekstraraðila, framtalsárið 2002

Fjárhæðir eru í milljónum króna

	Fyrningargrunnur	Fyrningar ársins	Bókfært verð	Heimil fyrning	Raunfyrning
Fólksbifreiðar	11.415	987	7.809	5 til 10%	9%
Skip og skipsbúnaður og loftför og fylgihlutir þeirra	124.508	6.373	57.741	5 til 10%	5%
Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki	87.618	5.426	32.257	5 til 15%	6%
Skrifstofuáhöld og -tæki	67.006	8.372	28.973	10 til 20%	12%
Annað lausafé en í fyrningarflokkum 1 til 4	88.417	8.846	35.927	10 til 20%	10%
	378.963	30.005	162.707		

Í fyrningargrunni ársins er framreiknaður fyrningargrunnur eigna frá síðasta ári, að viðbættu kaupverði keyptra eigna en að frádregnum framreiknuðum fyrningargrunni seldra og ónýtra eigna á árinu.

Í fyrningum ársins eru reiknaðar fyrningar ársins og gjaldfært bókfært verð þeirra eigna sem ónýttust á árinu.

Raunfyrning er fyrning ársins deilt með fyrningargrunni. Raunfyrning er eitthvað ofmetin þar sem í fyrningum ársins er gjaldfært bókfært verð þeirra eigna sem urðu ónýtar á árinu en upphaflegt kaupverð þeirra er ekki í fyrningargrunni.

	Nýr fyrningargrunnur	Skv. frumvarpi	Áætluð fyrning m.v. meðaltal	Fyrning var	Áætluð hækkun fyrninga
Fólksbifreiðar	8.797	10 til 20%	1.319	987	332
Skip og skipsbúnaður og loftför og fylgihlutir þeirra	64.114	10 til 20%	9.617	6.373	3.244
Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki	37.683	10 til 30%	7.537	5.426	2.111
Skrifstofuáhöld og -tæki	37.345	20 til 35%	10.270	8.372	1.898
Annað lausafé en í fyrningarflokkum 1 til 4	44.773	20 til 35%	12.313	8.846	3.467
	192.712		41.056	30.005	11.051